

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/255****2021/EES/37/07****frá 18. febrúar 2021****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja
sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) COVID-19-heimsfaraldurinn heldur áfram að hafa áhrif á alþjóðlegt og evrópskt almenningsflug að því marki að heimsóknir á starfsstöðvar í tengslum við tilnefningar og endurtilnefningar flugrekenda og farmflytjenda í þriðju löndum, samkvæmt lið 6.8 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 ⁽²⁾, verða enn fyrir alvarlegum hindrunum af völdum hlutlægra ástæðna sem þeir flugrekendur eða framflytjendur hafa ekki stjórn á.
- 2) Því er nauðsynlegt að rýmka gildissvið annars og hraðvirks ferlis fyrir ESB-fullgildingar flugverndar hjá rekstraraðilum aðfangakeðju fyrir farm og póst, sem er fluttur til Sambandsins og hefur orðið fyrir áhrifum af völdum COVID-19-heimsfaraldursins, þannig að það nái fram yfir dagsetninguna sem er ákvörðuð í lið 6.8.1.7 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998.
- 3) Sambandið hefur stuðlað að því, innan ramma Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) og Alþjóðatollastofnunarinnar (WCO), að þróuð verði hugmynd um mörkun alþjóðlegrar stefnu um fyrirframupplýsingar um farm sem eru veittar áður en hleðsla fer fram (e. *pre-Loading Advance Cargo Information (PLACI)*) og sem notaðar eru til að lýsa sérstöku 7+1 gagnasetti ⁽³⁾, eins og það er skilgreint í SAFE-rammaregluverki Alþjóðatollastofnunarinnar (SAFE FoS). Gögn um sendingar, sem farmmiðlarar, flugrekendur, póstrekkendur, samræmingaraðilar, viðurkenndir umboðsaðilar eða aðrir aðilar veita eftirlitsaðilum um leið og unnt er áður farmur er settur um borð í loftfar á síðasta brottfararstað, gera mögulegt að viðhafa viðbótaröryggislag, sem samanstendur af ógnar- og áhættugreiningu á vegum aðflutningstollstöðvar fyrir brottför.
- 4) Að því er varðar flugvernd í almenningsflugi ætti því, eins fljótt og auðið er, að lokinni viðtöku lágmarksgagnasafnsins í aðflutningsyfirlitsskýrslunni sem um getur í 2. mgr. og 2. mgr. a í 106. gr. í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2446 ⁽⁴⁾ og áður en farmur er settur um borð í loftfar sem fer frá þriðja landi, að framkvæma fyrstu áhættugreininguna á vörum sem á að flytja með flugi inn á tollsvæði Sambandsins. Krafa um að framkvæma fyrstu áhættugreininguna ætti að koma til framkvæmda frá og með 15. mars 2021.
- 5) Með ákvæðum 186. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2447 ⁽⁵⁾ er komið á fót áhættugreiningar- og stýringarferli, sem er framkvæmt hjá fyrstu aðflutningstollstöðinni, og með ákvæðum 182 gr. þeirrar reglugerðar er komið á innflutningseftirlitskerfi (ICS2), sem framkvæmdastjórnin og aðildarríkin hanna með

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 58, 19.2.2021, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 frá 5. nóvember 2015 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (Stjttíð. ESB L 299, 14.11.2015, bls. 1).

(3) Nafn og heimilisfang sendanda, nafn og heimilisfang viðtakanda, fjöldi pakkninga, samanlögð heildarþyngd, farmlýsing og grunnflugfarmbréf (e. *House Air Waybill*) eða aðalflugfarmbréf (e. *Master Air Waybill*).

(4) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2446 frá 28. júlí 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 að því er varðar ítarlegar reglur varðandi tiltekin ákvæði tollalaga Sambandsins (Stjttíð. ESB L 343, 29.12.2015, bls. 1).

(5) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2447 frá 24. nóvember 2015 um ítarlegar reglur varðandi framkvæmd tiltekinna ákvæða reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 um tollalög Sambandsins (Stjttíð. ESB L 343, 29.12.2015, bls. 558).

gagnkvæmum samningi, eins og með samræmdu viðmóti á vettvangi ESB fyrir framlagningu upplýsinga, beiðnum um breytingar, beiðnum um ógildingar, vinnslu og varðveislu upplýsinga, sem verða hluti af aðflutningsyfirlitsskýrslunni, og með skiptum á tengdum upplýsingum við tollyfirvöld.

- 6) Þar sem niðurstöður áhættugreiningarinnar á fyrirframupplýsingum um farm, sem eru veittar áður en hleðsla fer fram, frá og með 15. mars 2021, geta haft í för með sér kröfu um að rekstraraðilar aðfangakeðjunnar fyrir farm og póst, sem er fluttur til Sambandsins í tengslum við starfsemi þeirra í þriðja landi, beiti sérstökum mildandi flugverndarráðstöfunum er nauðsynlegt, eins fljótt og auðið er, að samþætta framkvæmdarreglur fyrir flugvernd í almenningsflugi til samræmis við það.
- 7) Yfirstandandi COVID-19-heimsfaraldurinn hefur haft alvarleg áhrif á getu flugvalla í Sambandinu til að ljúka við að setja upp búnað til greiningar sprengiefnis (EDS) samkvæmt staðli 3. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin eru enn staðráðin í að ljúka innleiðingu nýjustu tækni við skimun lestarfarangurs. Saminn hefur verið nýr vegvísir til að veita viðkomandi aukinn sveigjanleika til að aðlaga sig að núverandi ástandi, í samræmi við forgangsröðunarkerfi sem byggist á flokkun flugvalla, auk þess að gefa skýra mynd af innleiðingu strangari krafna fyrir greiningargetu.
- 8) Reynslan af framkvæmd framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 hefur sýnt að gera þarf tilteknar breytingar á fyrirkomulagi á framkvæmd tiltekinna sameiginlegra grunnkrafna. Breyta þarf fyrirkomulaginu á framkvæmd þessara tilteknu krafna til að útlista, samræma, einfalda og styrkja tilteknar sértækar flugverndarráðstafanir, til að auka skýrleika laganna, staðla sameiginlega túlkun á löggjöfinni og til að tryggja enn frekar bestu framkvæmd sameiginlegra grunnkrafna um flugvernd.
- 9) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. og 22. liðar í viðaukanum skulu þó koma til framkvæmda frá og með 15. mars 2021, ákvæði 2. liðar í viðaukanum skulu koma til framkvæmda frá og með 1. mars 2022 og ákvæði 14. liðar skulu koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. febrúar 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liður 6.0.4 bætist við:

„6.0.4. Að því er þennan viðauka varðar merkja orðin „fyrirframupplýsingar um farm sem eru veittar áður en hleðsla fer fram“ fyrstu áhættugreininguna fyrir flugvernd vara sem á að flytja með flugi inn á tollsvæði Sambandsins (*).

(*) Þar sem Ísland er ekki hluti af tollsvæði Sambandsins telst Ísland, að því er varðar lið 6.8.7 í þessum viðauka, til þriðja lands.“

2) Eftirfarandi liðir 6.1.4, 6.1.5 og 6.1.6 bætast við:

„6.1.4. Aðeins má veita farmi og pósti aðgang að haftasvæði flugverndar eftir að hafa gengið úr skugga um hvaða eftirfarandi flokki aðilinn, sem annast flutning sendingarinnar frá almenningssvæði, tilheyrir:

- a) flokki viðurkenndra umboðsaðila,
- b) flokki þekktra sendenda,
- c) flokki farmflytjenda, sem eru tilnefndir í samræmi við c-lið liðar 6.6.1.1, sem annast flutning á sendingum sem áður hafa sætt flugverndarráðstöfunum,
- d) engum flokki aðilanna sem um getur í a-, b- og c-lið.

6.1.5. Ef c-liður liðar 6.1.4 gildir skal afrit af undirrituðu yfirlýsingunni, sem er að finna í fylgiskjali 6-E, vera aðgengilegt viðurkennda umboðsaðilanum, flugrekandanum eða rekstraraðila flugvallar sem veitir aðgang að haftasvæði flugverndar, nema annað af eftirfarandi eigi við:

- a) farmflytjandinn er viðurkenndur umboðsaðili,
- b) flutningurinn er á vegum viðurkennds umboðsaðila eða flugrekanda sem tekur við sendingunni á haftasvæðum flugverndar

Í stað þess að farmflytjandinn framvísi afriti af undirrituðu yfirlýsingunni í fylgiskjali 6-E getur komið sambærilegt fyrirkomulag með fyrirframtilkynningu til aðgangsstaðar, sem annaðhvort þekktur sendandi utan flugvallar eða viðurkenndur umboðsaðili, sem flutningurinn er fyrir, sér um eða viðurkenndur umboðsaðili eða flugrekandi sem tekur við sendingunni á haftasvæði flugverndar.

6.1.6. Heimilt er að farm- eða póstsendingar, sem hafa ekki áður sætt flugverndarráðstöfunum, komi inn á haftasvæði flugverndar, sbr. þó framkvæmd eins af eftirfarandi:

- a) þær eru skimaðar fyrir komu, í samræmi við lið 6.2, á ábyrgð viðurkennds umboðsaðila eða flugrekanda sem tekur við sendingunni,
- b) þeim sé fylgt inn á athafnasvæði viðurkennds umboðsaðila eða flugrekanda á haftasvæði flugverndar, á þeirra ábyrgð.

Eftir afhendingu skulu slíkar sendingar varðar gegn óheimilum aðgangi þar til þær sæta skimun.

Starfsfólk, sem fylgir slíkum sendingum eða ver þær gegn óheimilum aðgangi, skal ráðið í samræmi við lið 11.1.1 og þjálfað í samræmi við a.m.k. lið 11.2.3.9.“

3) Í stað b-liðar í lið 6.3.1.2 kemur eftirfarandi:

„b) Hlutaðeigandi yfirvald eða ESB-matsmaður flugverndar fyrir hönd þess skal rannsaka flugverndaráætlunina áður en hann framkvæmir sannpröfun á tilteknum starfsstöðum til að meta hvort umsækjandinn fari að kröfum reglugerðar (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerða sem samþykktar eru á grundvelli hennar.

Líta skal svo á að rannsókn viðkomandi tollyfirvalda á starfsstöð umsækjanda, í samræmi við 29. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2447 (*), sé sannprófun á starfsstöð ef hún fór fram í fyrsta lagi þremur árum fyrir þann dag sem umsækjandinn óskar eftir samþykki sem viðurkenndur umboðsaðili, nema að því er varðar kröfurnar um skimun sem mælt er fyrir um í lið 6.2. Umsækjandinn skal gera heimild fyrir viðurkenndan rekstraraðila (e. *Authorised Economic Operator* – AEO-heimild) og viðeigandi mat tollyfirvalda aðgengileg til frekari skoðunar.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2447 frá 24. nóvember 2015 um ítarlegar reglur varðandi framkvæmd tiltekinna ákvæða reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 um tollalög Sambandsins (Stjtið. ESB L 343, 29.12.2015, bls. 558).“

4) Í stað þriðju málsgreinar í lið 6.3.1.4 kemur eftirfarandi:

„Líta skal svo á að rannsókn viðkomandi tollyfirvalda á starfsstöð viðurkennda umboðsaðilans, sem framkvæmd er í samræmi við 29. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2447, sé sannprófun á starfsstöð, nema að því er varðar kröfurnar um skimun sem mælt er fyrir um í lið 6.2.“

5) Í stað liðar 6.3.1.5 kemur eftirfarandi:

„6.3.1.5. Ef hlutaðeigandi yfirvald telur að viðurkenndi umboðsaðilinn fari ekki lengur að kröfum reglugerðar (EB) nr. 300/2008 skal það svipta hinn viðurkennda umboðsaðila stöðu sinni að því er varðar tiltekna starfsstöð eða tiltekna starfsstöðvar.“

Hlutaðeigandi yfirvald skal sjá til þess að um leið og viðurkenndur umboðsaðili hefur verið sviptur stöðu sinni og, í öllum tilvikum innan 24 klukkustunda eftir sviptinguna, sé breyting á stöðu hans tilgreind í „gagnagrunni Sambandsins um vernd aðfangakeðju“.

Ef viðurkenndi umboðsaðilinn er ekki lengur handhafi AEO-heimildar, sem um getur í b-lið 2. mgr. 38. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 (*) og í 33. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2447 eða ef AEO-heimild hans er felld tímabundið úr gildi, vegna þess að ákvæði e-liðar 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013 og 28. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2447 hafa ekki verið uppfyllt, skal hlutaðeigandi yfirvald grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að viðurkenndi umboðsaðilinn uppfylli kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 300/2008.

Viðurkenndi umboðsaðilinn skal upplýsa hlutaðeigandi yfirvald um allar breytingar á AEO-heimild sinni sem um getur í b-lið 2. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013 og í 33. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2447.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtið. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1).“

6) Í stað liðar 6.3.1.8 kemur eftirfarandi:

„6.3.1.8. Hlutaðeigandi yfirvald skal veita tollyfirvöldum allar upplýsingar sem tengjast stöðu viðurkennds umboðsaðila og sem gætu skipt máli í tengslum við það að vera handhafi AEO-heimildarinnar sem um getur í b-lið 2. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013 og í 33. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2447. Það felur m.a. í sér upplýsingar er varða ný samþykki fyrir viðurkennda umboðsaðila, afturköllun á stöðu viðurkenndra umboðsaðila, endurfullgildingu og eftirlit, sannprófunaráætlanir og niðurstöður úr þessu mati.“

Hlutaðeigandi yfirvöld og landsbundin tollyfirvöld skulu ákveða fyrirkomulag þeirra upplýsingaskipta í sameiningu.“

7) Í stað g-liðar í lið 6.3.2.6 kemur eftirfarandi:

„g) einstakt kennimerki, sem hlutaðeigandi yfirvald úthlutar, allra viðurkenndra umboðsaðila sem hafa samþykkt stöðu flugverndar sem annar viðurkenndur umboðsaðili hefur gefið tiltekinni sendingu, þ.m.t. við flugskipti.“

8) Eftirfarandi málsgrein bætist við lið 6.3.2.6:

„Skima skal flugskiptafarm eða -póst þar sem flugrekandinn eða viðurkenndi umboðsaðilinn, sem starfar á hans vegum, getur ekki staðfest í meðfylgjandi gögnum upplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt þessum lið eða lið 6.3.2.7, eftir því sem við á, áður en hann er settur um borð í loftfar fyrir næsta flug.“

9) Í stað c-liðar í lið 6.4.1.2 kemur eftirfarandi:

„c) Líta skal svo á að rannsókn hlutaðeigandi tollyfirvalda á starfsstöð umsækjanda, í samræmi við 29. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2447, sé sannprófun á starfsstöð ef hún fór fram í fyrsta lagi þremur árum fyrir þann dag sem umsækjandinn óskar eftir samþykki sem þekktur sendandi. Í þeim tilvikum skal umsækjandinn fylla út upplýsingarnar, sem krafist er í fyrsta hluta „gátlistans um fullgildingu fyrir þekkta sendendur“, sem er að finna í fylgiskjali 6-C, og senda hann til hlutaðeigandi yfirvalds ásamt yfirlýsingu um skuldbindingar sem lagalegur fyrirsvarsmáður umsækjandans, eða sá sem ber ábyrgð á verndinni á starfsstöðinni, skal skrifa undir.

Umsækjandinn skal gera AEO-heimild og viðeigandi mat tollyfirvalda aðgengileg til frekari skoðunar;

undirritaða yfirlýsingin skal annaðhvort geymd hjá hlutaðeigandi yfirvaldi eða hjá ESB-matsmanni flugverndar og skal hún vera aðgengileg hlutaðeigandi yfirvaldi, óski það eftir því.“

10) Í stað þriðju málsgreinar í lið 6.4.1.4 kemur eftirfarandi:

„Líta skal svo á að rannsókn viðkomandi tollyfirvalda á starfsstöð þekkta sendandans, í samræmi við 29. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2447, sé sannprófun á starfsstöð.“

11) Í stað liðar 6.4.1.5 kemur eftirfarandi:

„6.4.1.5. Ef hlutaðeigandi yfirvald telur að þekkti sendandinn fari ekki lengur að kröfum reglugerðar (EB) nr. 300/2008 skal það svipta hinn þekkta sendanda stöðu sinni að því er varðar tiltekna starfsstöð eða tiltekna starfsstöðvar.

Hlutaðeigandi yfirvald skal sjá til þess að um leið og þekktur sendandi hefur verið sviptur stöðu sinni og, í öllum tilvikum innan 24 klukkustunda eftir sviptinguna, sé breyting á stöðu hans tilgreind í „gagnagrunni Sambandsins um vernd aðfangakeðju“.

Ef þekkti sendandinn er ekki lengur handhafi AEO-heimildarinnar, sem um getur í b-lið 2. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013 og í 33. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2447, eða ef AEO-heimild hans hefur verið felld tímabundið úr gildi, vegna þess að ákvæði e-liðar 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013 og 28. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2447 hafa ekki verið uppfyllt, skal hlutaðeigandi yfirvald grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að þekkti sendandinn uppfylli kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 300/2008.

Þekkti sendandinn skal upplýsa hlutaðeigandi yfirvald um allar breytingar á AEO-heimild sinni sem um getur í b-lið 2. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013 og í 33. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2447.“

12) Í stað liðar 6.4.1.7 kemur eftirfarandi:

„6.4.1.7. Hlutaðeigandi yfirvald skal veita tollyfirvöldum allar upplýsingar sem tengjast stöðu þekkts sendanda og sem gætu skipt máli í tengslum við það að vera handhafi heimildarinnar sem um getur í b-lið 2. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013 og í 33. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2447. Það felur m.a. í sér upplýsingar er varða ný samþykki fyrir þekkta sendendur, afturköllun á stöðu þekktra sendanda, endurfullgildingu og eftirlit, sannprófunaráætlanir og niðurstöður úr þessu mati.

Hlutaðeigandi yfirvöld og landsbundin tollyfirvöld skulu ákveða fyrirkomulag þeirra upplýsingaskipta í sameiningu.“

13) Í stað liðar 6.5.1 kemur eftirfarandi:

„6.5.1. Viðurkenndi umboðsaðilinn skal halda gagnagrunn sem inniheldur allar eftirfarandi upplýsingar um alla skráða sendendur sem hann hefur tilnefnt fyrir 1. júní 2017:

- a) upplýsingar um fyrirtækið, þ.m.t. áreiðanlegt heimilisfang fyrirtækisins,
- b) hvers eðlis fyrirtækið er,
- c) tengiliðaupplýsingar, þ.m.t. upplýsingar um einstakling eða einstaklinga sem bera ábyrgð á flugvernd,
- d) virðisaukaskattsnúmer eða skráningarnúmer fyrirtækisins,
- e) undirritaða „yfirlýsingu um skuldbindingar — skráður sendandi“ sem er að finna í fylgiskjali 6-D.

Þegar skráður sendandi er handhafi AEO-heimildarinnar, sem um getur í b-lið 2. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013 og í 33. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2447, skal númer AEO-heimildarinnar geymt í gagnagrunninum sem um getur í fyrstu málsgrein.

Gagnagrunnurinn skal vera aðgengilegur til skoðunar fyrir hlutaðeigandi yfirvald.“

14) Eftirfarandi liðir 6.6.1.3, 6.6.1.4 og 6.6.1.5 bætast við:

„6.6.1.3. Farmflytjandinn skal tryggja að starfsfólkið sem sækir, flytur, geymir og afhendir flugfarm og -póst, sem sætt hefur flugverndarráðstöfunum, gangist undir a.m.k. eftirfarandi:

- a) athugun á ráðvendni starfsfólks, þ.m.t. staðfesting á deili þess, auk athugunar á ferliskrá og/eða veittum meðmælum,
- b) almenna þjálfun í flugverndarvitund í samræmi við lið 11.2.7.

6.6.1.4. Starfsfólk farmflytjandans, sem fær aðgang án eftirlits að farmi og pósti á meðan það sinnir verkefnum, sem um getur í lið 6.6.1.3, eða á meðan það framkvæmir flugverndarráðstafanirnar sem settar eru fram í þessum kafla, skal:

- a) hafa gengist undir fullnægjandi athugun á bakgrunni,
- b) gangast undir þjálfun í flugvernd í samræmi við lið 11.2.3.9.

6.6.1.5. Ef farmflytjandi notar þjónustu annars fyrirtækis til að sinna einu eða fleiri verkefnum, sem um getur í lið 6.6.1.3, skal fyrirtækið uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) skrifa undir flutningssamning við farmflytjandann,
- b) ekki semja við annan undirverktaka,
- c) framkvæma ákvæði liða 6.6.1.3 og 6.6.1.4, eftir því sem við á.

Undirverktaki farmflytjandans ber fulla ábyrgð á öllum flutningum fyrir hönd umboðsaðilans eða sendandans.“

15) Í stað inngangsorðanna í lið 6.8.1.7 kemur eftirfarandi:

„Á tímabilinu frá 1. apríl 2020 til 30. júní 2021 er hlutaðeigandi yfirvaldi heimilt að víkja frá ferlinu, sem komið er á í lið 6.8.2, og tilnefna flugrekanda tímabundið sem ACC3-flugrekanda í tilvikum þar sem ESB-fullgilding flugverndar gat ekki farið fram af hlutlægum ástæðum af völdum COVID-19-heimsfaraldursins og sem flugrekandinn ber ekki ábyrgð á. Tilnefningin skal háð eftirfarandi skilyrðum:“.

16) Í stað liða 6.8.3.6 og 6.8.3.7 kemur eftirfarandi:

„6.8.3.6. Þegar flugverndarráðstafanirnar, sem um getur í liðum 6.8.3.1–6.8.3.5, hafa verið framkvæmdar skal ACC3-flugrekandinn eða viðurkenndi umboðsaðilinn með ESB-fullgildingu flugverndar (RA3), sem ber ábyrgð

á beitingu flugverndarráðstafananna, sjá til þess að meðfylgjandi gögn, þ.e. flugfarmbréf, sambærileg pósts skjöl eða sérstök yfirlýsing, sem er veitt á rafrænu formi eða skriflega, innihaldi a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- a) einstakt alstafakennimerki ACC3-flugrekandans,
- b) stöðu flugverndar fyrir sendinguna, sem um getur í d-lið liðar 6.3.2.6 og ACC3-flugrekandinn eða viðurkenndur umboðsaðili með ESB-fullgildingu flugverndar (RA3) gefur út, eins og við á,
- c) einstakt kennimerki sendingarinnar, t.d. númerið á grunnflugfarmbréfinu eða aðalflugfarmbréfinu, eftir því sem við á,
- d) innihald sendingarinnar eða upplýsingar um sameinaðar sendingar, eftir því sem við á,
- e) ástæður þess að staða flugverndar var gefin út, þ.m.t. þau úrræði eða sú aðferð sem var notuð við skimun eða ástæður þess að sendingunni var veitt undanþága frá skimun, með því að nota staðla sem samþykktir voru í áætlun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um yfirlýsingu um flugvernd sendinga.

Ef um er að ræða sameinaðar sendingar skal ACC3-flugrekandinn eða viðurkenndi umboðsaðilinn með ESB-fullgildingu flugverndar (RA3), sem framkvæmdi sameininguna, geyma upplýsingarnar, sem settar eru fram í a- til e-lið fyrstu málsgreinar, fyrir hverja einstaka sendingu, a.m.k. fram að áætluðum komutíma sendinganna á fyrsta flugvöll í Sambandinu eða í 24 klukkustundir, eftir því hvort tímabilið er lengra.

6.8.3.7. Sérhver flugrekandi sem kemur frá þriðja landi, sem er skráð í fylgiskjali 6-F, skal tryggja að ákvæði viðeigandi liða, sem mælt er fyrir um í lið 6.8.3.6, að því er varðar farm og póst sem fluttur er um borð, séu uppfyllt. Meðfylgjandi gögn, að því er varðar slíkar sendingar, skulu a.m.k. uppfylla ákvæði áætlunar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um yfirlýsingu um flugvernd sendinga eða annarrar áætlunar þar sem tilskildar upplýsingar eru veittar á sambærilegan hátt.“

17) Í stað liðar 6.8.3.9 kemur eftirfarandi:

„6.8.3.9. Sendingar sem eru í gegnumferð eða flugskiptum við komu frá þriðja landi sem ekki er getið um í lið 6.8.3.8, þar sem meðfylgjandi gögn uppfylla ekki lið 6.8.3.6, skulu meðhöndlaðar í samræmi við lið 6.2 áður en næsta flug hefst.“

18) Í stað inngangsorðanna í lið 6.8.4.11 kemur eftirfarandi:

„Á tímabilinu frá 1. apríl 2020 til 30. júní 2021 er hlutaðeigandi yfirvaldi heimilt að víkja frá ferlinu, sem komið er á í lið 6.8.5, og tilnefna aðila í þriðja landi tímabundið sem RA3-umboðsaðila eða KC3-sendanda í tilvikum þar sem ESB-fullgilding flugverndar gat ekki farið fram af hlutlægum ástæðum af völdum COVID-19-heimsfaraldursins og sem aðilinn ber ekki ábyrgð á. Tilnefningin skal háð eftirfarandi skilyrðum:“

19) Í stað d-liðar í lið 6.8.4.12 kemur eftirfarandi:

„d) tilnefningin er veitt í að hámarki sex mánuði og hægt er að framlengja hana innan undanþágutímabilsins, eins og sett er fram í lið 6.8.4.11.“

20) Liðir 6.8.5.5, 6.8.5.6 og 6.8.5.7 falla brott.

21) Í stað 1. liðar í lið 6.8.6.1 kemur eftirfarandi:

„1. Ef framkvæmdastjórnin eða hlutaðeigandi yfirvald kemst að raun um eða því berst skriflegar upplýsingar um alvarlegt frávik sem varðar starfsemi ACC3-flugrekanda, RA3-umboðsaðila eða KC3-sendanda, sem talið er hafa veruleg áhrif á almenna flugvernd í Sambandinu, skal:

- a) þegar í stað upplýsa viðkomandi flugrekanda eða aðila um það og óska eftir athugasemdum frá honum og að hann geri viðeigandi ráðstafanir að því er varðar alvarlega frávik, og
- b) tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um það.

Heimilt er að staðfesta alvarlega frávikið, sem um getur í fyrstu málsgrein, í tengslum við einhverja af eftirfarandi starfsemi:

- 1) á meðan samræmisefirlit fer fram,
- 2) á meðan athugun á gögnum fer fram, þ.m.t. á ESB-fullgildingarskýrslu um flugvernd, að því er varðar aðra rekstraraðila sem eru hluti af aðfangakeðju ACC3-flugrekanda, RA3-umboðsaðila eða KC3-sendanda,
- 3) við viðtöku skriflegra upplýsinga, sem byggjast á staðreyndum, frá öðrum yfirvöldum og/eða flugrekendum að því er varðar starfsemi viðkomandi ACC3-flugrekanda, RA3-umboðsaðila eða KC3-sendanda, í formi skriflegra gagna sem gefa skýrt til kynna flugverndarbrot.“

22) Eftirfarandi liður 6.8.7 bætist við:

„6.8.7. Fyrirframupplýsingar um farm sem eru veittar áður en hleðsla fer fram (PLACI)

6.8.7.1. Samkvæmt ákvæðum 186. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2447 skal innleiða fyrirframupplýsingar um farm, sem eru veittar áður en hleðsla fer fram, fyrir brottför frá þriðja landi og um leið og töllyfirvöld á fyrstu aðflutningstollstöðinni hafa móttengið lágmarksgagnasafn aðflutningsyfirlitsskýrslunnar sem um getur í 2. mgr. og 2. mgr. a í 106. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2446 (*).

6.8.7.2. Ef fyrsta aðflutningstollstöðin, í tengslum við innleiðingu fyrirframupplýsinga um farm, sem eru veittar áður en hleðsla fer fram, hefur gilda ástæðu til að gruna að sending, sem kemur með flugi inn á tollsvæði Sambandsins, gæti verið alvarleg ógn fyrir almenningflug skal þessi sending meðhöndluð sem farmur eða póstur sem mikil áhætta fylgir (HRCM) í samræmi við lið 6.7.

6.8.7.3. Flugrekendur, rekstraraðilar, aðilar eða einstaklingar í þriðja landi, sem eru ekki skráðir í fylgiskjali 6-F, og á Íslandi, skulu, eftir viðtöku tilkynningar frá fyrstu aðflutningstollstöðinni, þar sem farið er fram á að sending verði meðhöndluð sem farmur eða póstur sem mikil áhætta fylgir í samræmi við lið 6.8.7.2:

- a) framkvæma, að því er varðar sérstöku sendinguna, flugverndarráðstafanirnar, sem eru tilgreindar í liðum 6.7.3 og 6.7.4 í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun C(2015) 8005, ef um er að ræða ACC3-flugrekanda eða RA3-umboðsaðila sem hefur hlotið samþykki til að gera slíkar flugverndarráðstafanir,
- b) tryggja að ACC3-flugrekandi eða RA3-umboðsaðili, sem hefur hlotið samþykki til að framkvæma slíkar flugverndarráðstafanir, fari að ákvæðunum sem mælt er fyrir um í a-lið. Veita skal fyrstu aðflutningstollstöðinni upplýsingar ef annar rekstraraðili, aðili eða yfirvald fær sendinguna í hendur eða ef til stendur að það fái hana í hendur með tilliti til beitingar flugverndarráðstafananna; slíkir aðrir rekstraraðilar, aðilar eða yfirvöld skulu tryggja framkvæmd flugverndarráðstafananna, sem um getur í a-lið, og veita flugrekandanum, rekstraraðilanum, aðilanum eða einstaklingnum, sem sendingin kom frá, staðfestingu á bæði framkvæmd og niðurstöðu slíkra flugverndarráðstafana,
- c) veita fyrstu aðflutningstollstöðinni staðfestingu á bæði framkvæmd og niðurstöðu flugverndarráðstafananna sem um getur í a-lið.

Ákvæði a- og b-liðar fyrstu málsgreinar skulu ekki gilda ef flugverndarráðstafanirnar, sem farið er fram á, hafa áður verið framkvæmdar. Hins vegar, ef sérstakar upplýsingar um ógn urðu fyrst aðgengilegar eftir framkvæmd fyrri flugverndarráðstafananna, gæti flugrekandinn, rekstraraðilinn, aðilinn eða einstaklingurinn verið beðinn um að endurtaka flugverndarráðstafanirnar með aðstoð sértækra aðferða og úrræða og leggja fram staðfestingu eins og sett er fram í c-lið fyrstu málsgreinar. Flugrekandinn, rekstraraðilinn, aðilinn eða einstaklingurinn gæti verið upplýstur um alla þætti og upplýsingar sem eru nauðsynleg til að uppfylla verndarmarkmiðin með skilvirkum hætti.

6.8.7.4. Flugrekendur, rekstraraðilar, aðilar eða einstaklingar í þriðja landi, sem eru skráðir í fylgiskjali 6-F, eða á Íslandi, sem fá tilkynningu frá fyrstu aðflutningstollstöðinni, þar sem farið er fram á að sending verði meðhöndluð sem farmur eða póstur sem mikil áhætta fylgir (HRCM) í samræmi við lið 6.8.7.2, skulu:

- a) framkvæma, að því er varðar sérstöku sendinguna, a.m.k. flugverndarráðstafanirnar sem ákvarðaðar voru með 17. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í tengslum við farm eða póst sem mikil áhætta fylgir (**),
- b) tryggja að rekstraraðili, aðili eða yfirvald, sem er samþykkt af viðeigandi lögbæru yfirvaldi í þriðja landi, uppfylli kröfurnar í a-lið til að unnt sé að framkvæma slíkar flugverndarráðstafanir. Veita skal fyrstu aðflutningstollstöðinni upplýsingar ef annar rekstraraðili, aðili eða yfirvald fær sendinguna í hendur eða ef til stendur að það fái hana í hendur með tilliti til beitingar flugverndarráðstafananna. Slíkir aðrir rekstraraðilar, aðilar eða yfirvöld skulu tryggja framkvæmd flugverndarráðstafananna, sem um getur í a-lið, og veita flugrekandanum, rekstraraðilanum, aðilanum eða einstaklingnum, sem sendingin kom frá, staðfestingu á bæði framkvæmd og niðurstöðu slíkra flugverndarráðstafana,
- c) veita fyrstu aðflutningstollstöðinni staðfestingu á bæði framkvæmd og niðurstöðu flugverndarráðstafananna sem um getur í a-lið.

Ákvæði a- og b-liðar fyrstu málsgreinar skulu ekki gilda ef flugverndarráðstafanirnar, sem farið er fram á, hafa áður verið framkvæmdar. Hins vegar, ef sérstakar upplýsingar um ógn urðu fyrst aðgengilegar eftir framkvæmd fyrri flugverndarráðstafananna, gæti flugrekandinn, rekstraraðilinn, aðilinn eða einstaklingurinn verið beðinn um að endurtaka flugverndarráðstafanirnar með aðstoð sértækra aðferða og úrræða og leggja fram staðfestingu eins og sett er fram í c-lið fyrstu málsgreinar. Flugrekandinn, rekstraraðilinn, aðilinn eða einstaklingurinn gæti verið upplýstur um alla þætti og upplýsingar sem eru nauðsynleg til að uppfylla verndarmarkmiðin með skilvirkum hætti.

- 6.8.7.5. Ef fyrsta aðflutningstollstöðin, í tengslum við innleiðingu fyrirframupplýsinga um farm, sem eru veittar áður en hleðsla fer fram, hefur gilda ástæðu til að gruna að sending sem kemur með flugi inn á tollsvæði Sambandsins sé alvarleg ógn við flugvernd, sem verður til þess að hún gefur út tilkynningu um bann við hleðslu, skal ekki setja sendinguna um borð í loftfar eða hún tekin frá borði, eftir því sem við á.
- 6.8.7.6. Flugrekandinn, rekstraraðilinn, aðilinn eða einstaklingurinn í þriðja landi, sem fær tilkynningu frá fyrstu aðflutningstollstöðinni, þar sem farið er fram á að sending verði ekki sett um borð í loftfar í samræmi við lið 6.8.7.5, skal:
 - a) tryggja að sendingin, sem er í vörslu hans, sé ekki sett um borð í loftfar eða sé tafarlaust tekin frá borði ef sendingin er þegar komin um borð í loftfarið,
 - b) veita fyrstu aðflutningstollstöðinni á tollsvæði Sambandsins staðfestingu á því að hann hafi framfylgt beiðninni,
 - c) starfa með viðeigandi yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem fyrsta aðflutningstollstöðin er staðsett,
 - d) upplýsa hlutaðeigandi yfirvald, sem ber ábyrgð á flugvernd í almeningsflugi í ríkinu þar sem flugrekandinn, rekstraraðilinn, aðilinn eða einstaklingurinn, sem fær tilkynninguna, er staðsettur og í þriðja landinu þar sem sendingin er staðsett sem stendur, ef staðsetningin er ekki sú sama.
- 6.8.7.7. Ef sendingin er þegar hjá öðrum flugrekanda, rekstraraðila eða aðila í aðfangakeðjunni skal flugrekandinn, rekstraraðilinn, aðilinn eða einstaklingurinn sem tekur við tilkynningu um bann við hleðslu, sem mælt er fyrir um í lið 6.8.7.5, tafarlaust tilkynna slíkum öðrum flugrekanda, rekstraraðila, aðila eða einstaklingi um að hann skuli:
 - a) tryggja að farið sé að ákvæðum a-, c- og d-liðar í lið 6.8.7.6,
 - b) veita flugrekandanum, rekstraraðilanum, aðilanum eða einstaklingnum, sem tók við tilkynningunni sem mælt er fyrir um í lið 6.8.7.5, staðfestingu á beitingu ákvæða b-liðar í lið 6.8.7.6.
- 6.8.7.8. Ef loftfarið er þegar komið á loft með sendingu um borð, sem fyrsta aðflutningstollstöðin, samkvæmt lið 6.8.7.5, hafði tilkynnt um að mætti ekki vera sett um borð, skal flugrekandinn, rekstraraðilinn, aðilinn eða einstaklingurinn, sem fær tilkynninguna, tafarlaust upplýsa:

- a) viðeigandi yfirvöld í aðildarríkinu, sem um getur í c-lið liðar 6.8.7.6, um það í þeim tilgangi að upplýsa og hafa samráð við viðeigandi yfirvöld í aðildarríkinu þar sem fyrsta yfirflugið í Sambandinu á sér stað,
- b) hlutaðeigandi yfirvald, sem ber ábyrgð á flugvernd í almenningsflugi í þriðja landinu þar sem flugrekandinn, rekstraraðilinn, aðilinn eða einstaklingurinn sem fær tilkynninguna er staðsettur og í þriðja landinu þaðan sem brottflug átti sér stað, ef staðsetningin er ekki sú sama.
- 6.8.7.9. Eftir viðtöku tilkynningarinnar frá fyrstu aðflutningstollstöðinni, sem hefur gefið út tilkynningu eins og mælt er fyrir um í lið 6.8.7.5, skal hlutaðeigandi yfirvald í sama aðildarríki, framkvæma eða tryggja framkvæmd þar að lútandi, eftir því sem við á, eða samstarf um allar eftirfarandi aðgerðir, þ.m.t. samræming við aðgerðir yfirvalda þriðja lands þaðan sem brottför á sér stað og, eftir atvikum, í landinu eða löndunum þar sem flugskipti og/eða gegnumferð á sér stað, varðandi viðeigandi samskiptareglur um vernd og viðbúnað í samræmi við landsbundna flugverndaráætlun aðildarríkisins í almenningsflugi, alþjóðlegar kröfur, ráðlagðar starfsvenjur fyrir hættustjórnun og viðbrögð við ólöglegu athæfi.
- 6.8.7.10. Flugrekandinn, rekstraraðilinn, aðilinn eða einstaklingurinn í þriðja landi, sem fær tilkynningu, sem tollyfirvöld í þriðja landi gefa út um framkvæmd áætlunar um fyrirframupplýsingar um farm, sem eru veittar áður en hleðsla fer fram, samkvæmt SAFE-rammaregluverki Alþjóðatollastofnunarinnar, skal tryggja framkvæmd krafanna sem mælt er fyrir um í liðum 6.8.7.3 og 6.8.7.4 og í liðum 6.8.7.6, 6.8.7.7 og 6.8.7.8.

Þessi liður gildir aðeins um farm- eða póstsendingar sem uppfylla einhverjar af viðmiðunum hér á eftir:

- a) þær eru fluttar, með hliðsjón af flugskiptum eða gegnumferð, á flugvöll í Sambandinu áður en þær koma á lokaákvörðunarstað á flugvöll í þriðja landi þar sem tollyfirvaldið, sem sendi tilkynninguna, er staðsett,
- b) þær eru fluttar, með hliðsjón af flugskiptum eða gegnumferð, á flugvöll í Sambandinu áður en önnur flugskipti eða gegnumferð fara fram á flugvelli í þriðja landi þar sem tollyfirvaldið, sem sendi tilkynninguna, er staðsett.

Að því er varðar kröfurnar, sem settar eru fram í c-lið 6.8.7.6 og a-lið 6.8.7.8, skal flugrekandinn, rekstraraðilinn, aðilinn eða einstaklingurinn í þriðja landi, sem fær tilkynninguna, tafarlaust skýra viðeigandi yfirvöldum í aðildarríkinu, þar sem fyrsta landingin á sér stað í Sambandinu, frá því.

Ef loftfarið er þegar komið á loft skal senda upplýsingarnar til viðeigandi yfirvalda í aðildarríkinu, þar sem fyrsta yfirflugið í Sambandinu á sér stað, sem skal tryggja að framkvæmd aðgerðanna, sem um getur í lið 6.8.7.9, sé í samræmi við framkvæmd viðeigandi yfirvalda í aðildarríkinu þar sem fyrsta landingin í Sambandinu á sér stað.

Viðeigandi yfirvöld, bæði í aðildarríkinu þar sem fyrsta yfirflugið í Sambandinu á sér stað og í aðildarríkinu þar sem fyrsta landingin á sér stað í Sambandinu, skulu upplýsa viðkomandi tollyfirvöld þar að lútandi.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2446 frá 28. júlí 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 að því er varðar ítarlegar reglur varðandi tiltekin ákvæði tollalaga Sambandsins (Stjútíð. ESB L 343, 29.12.2015, bls. 1).

(**) Flugrekendur, rekstraraðilar og aðilar á Íslandi skulu beita liðum 6.7.3 og 6.7.4 í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun C(2015) 8005.“

23) Eftirfarandi málsliður bætist við lið 11.6.3.6:

„Hlutaðeigandi yfirvald skal láta matsmönnum, sem það samþykkir, í té viðeigandi hluta óopinberra löggjafar og landsáætlana sem tengjast starfsemi og svæðunum sem á að fullgilda.“

24) Í stað liðar 11.6.3.8 kemur eftirfarandi:

„11.6.3.8. Hlutaðeigandi yfirvald, sem gegnir hlutverki matsmanns, má aðeins framkvæma fullgildingar að því er varðar flugrekendur, rekstraraðila og aðila, sem eru á ábyrgð þess eða á ábyrgð hlutaðeigandi yfirvalds í öðru aðildarríki, ef síðarnefnda yfirvaldið hefur óskað sérstaklega eftir því eða tilnefnt fyrirnefnda yfirvaldið til að sjá um slíkar fullgildingar.“

25) Eftirfarandi liður 11.6.3.11 bætist við:

„11.6.3.11. Samþykki á ESB-matsmanni flugverndar skal gilda að hámarki í fimm ár.“

26) Í stað liðar 11.6.4.1 kemur eftirfarandi:

„11.6.4.1. ESB-matsmaður flugverndar:

- a) telst ekki samþykktur fyrr en upplýsingarnar um hann hafa verið skráðar í „gagnagrunn Sambandsins um vernd aðfangakeðju“,
- b) skal fá staðfestingu á því hver staða hans er frá hlutaðeigandi yfirvaldi eða einhverjum fyrir þess hönd,
- c) má ekki framkvæma ESB-fullgildingar flugverndar ef hann hefur stöðu sem matsmaður flugverndar samkvæmt sambærilegu kerfi sem er til staðar í þriðja landi eða hjá alþjóðastofnun, nema liður 11.6.4.5 komi til framkvæmda.

ESB-matsmenn flugverndar, sem eru skráðir í „gagnagrunn Sambandsins um vernd aðfangakeðju“ vegna hlutaðeigandi yfirvalds, mega aðeins framkvæma fullgildingar að því er varðar flugrekendur, rekstraraðila eða aðila sem þetta hlutaðeigandi yfirvald ber ábyrgð á.“

27) Í stað liðar 11.6.5.6 kemur eftirfarandi:

„11.6.5.6. Fullgildingarskýrslan skal ávallt vera á ensku, hún skal afhent hlutaðeigandi yfirvaldi og aðilanum, sem fengið hefur fullgildingu, eigi síðar en einum mánuði eftir að sannprófun á starfsstöð hefur farið fram.

Hlutaðeigandi yfirvald skal meta fullgildingarskýrsluna eigi síðar en sex vikum eftir viðtöku hennar.

Ef skýrslan varðar flugrekanda, rekstraraðila eða aðila, sem gengst undir fullgildingu að því er varðar núverandi tilnefningu, sem rennur út eftir frestina sem um getur í málsgreinunum hér að framan, getur hlutaðeigandi yfirvald ákveðið að lengja frestinn til að ljúka við matið.

Í slíku tilvikum, og ef ekki er þörf á frekari upplýsingum og skjalfestum viðbótarsönnunargögnum til að hægt sé að ljúka matinu á fullnægjandi hátt, skal hlutaðeigandi yfirvald tryggja að ferlinu sé lokið áður en gildistími hlutaðeigandi stöðu rennur út.

Innan þriggja mánaða frá viðtöku skýrslunnar skal matsmaðurinn fá skriflega endurgjöf að því er varðar gæði skýrslunnar og eftir atvikum hvers konar ráðleggingar og athugasemdir sem hlutaðeigandi yfirvald telur nauðsynlegar. Eftir atvikum skal senda afrit af slíkri endurgjöf til hlutaðeigandi yfirvalds sem hefur samþykkt matsmanninn.

Að því er varðar tilnefningu annarra flugrekenda, rekstraraðila eða aðila, eins og kveðið er á um í þessari reglugerð, getur hlutaðeigandi yfirvald óskað eftir því og skal fá í hendur innan 15 daga frá hlutaðeigandi yfirvaldi, sem hefur samið fullgildingarskýrslu á þjóðtungu sinni eða hefur farið fram á það við matsmanninn, sem framkvæmir matið, að hann semji slíka skýrslu, afrit af fullgildingarskýrslunni í heild sinni á ensku.“

28) Í stað liðar 12.0.2.1 kemur eftirfarandi:

„12.0.2.1. Með fyrirvara um ákvæðin í lið 12.0.5 er einungis heimilt að setja upp eftirfarandi verndarbúnað eftir 1. október 2020 ef hann hefur fengið „ESB-stimpil“ eða „ESB-stimpil til bráðabirgða“, eins og um getur í lið 12.0.2.5:

- a) málmeitarhlið (WTMD),
- b) búnað til greiningar sprengiefnis (EDS),

- c) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni (ETD),
- d) búnað til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi (LEDS),
- e) málmleitartæki (MDE),
- f) líkamsskanna,
- g) búnað til skóskönnunar,
- h) greiningartæki fyrir sprengifimar gufur (EVD).“

29) Í stað liðar 12.0.2.3 kemur eftirfarandi:

„12.0.2.3. Veita skal leyfi til að setja „ESB-stimpil“ á verndarbúnað sem hefur verið prófaður á prófunarstöðvum þar sem hlutaðeigandi yfirvald ber ábyrgð á ráðstöfunum sem gerðar eru vegna gæðaeftirlits í samræmi við sameiginlegt matsferli Evrópusambands flugmálastjórna.“

30) Í stað liðar 12.0.5.3 kemur eftirfarandi:

„12.0.5.3. Verndarbúnaður, sem er samþykktur á landsvísu á grundvelli liðar 12.0.5.1 eða 12.0.5.2, skal ekki sjálfkrafa hljóta „ESB-stimpil.“

31) Eftirfarandi liður 12.3.1 bætist við:

„12.3.1. Allur búnaður, sem er settur upp eigi síðar en 1. janúar 2023 og sem nota á við skimun farms og pósts, ásamt pósti og rekstrarvörum flugrekanda, sem sæta flugverndarráðstöfunum í samræmi við 6. kafla, skal vera með margfaldri sýn (e. *multi-view*).

Hlutaðeigandi yfirvöld geta, af hlutlægum ástæðum, leyft notkun röntgenbúnaðar með einfaldri sýn (e. *single-view*), sem er settur upp fyrir 1. janúar 2023, fram að eftirtöldum dagsetningum:

- a) röntgenbúnaðar með einfaldri sýn, sem er settur upp fyrir 1. janúar 2016, þó eigi síðar en 31. desember 2025,
- b) röntgenbúnaðar með einfaldri sýn, sem er settur upp frá og með 1. janúar 2016, í að hámarki tíu ár frá uppsetningardegi hans eða eigi síðar en til 31. desember 2027, eftir því hvor dagurinn er á undan.

Hlutaðeigandi yfirvöld skulu upplýsa framkvæmdastjórnina ef þau beita ákvæðum annarrar málsgreinar.“

32) Í stað liðar 12.4.2 kemur eftirfarandi:

„12.4.2. **Staðlar fyrir greiningarkerfi fyrir sprengiefni**

12.4.2.1. Allur búnaður til greiningar sprengiefnis skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) búnaður, sem er settur upp fyrir 1. september 2014, verður a.m.k. að uppfylla staðal 2,
- b) búnaður, sem er settur upp frá og með 1. september 2014 til og með 31. ágúst 2022, verður a.m.k. að uppfylla staðal 3,
- c) búnaður, sem er settur upp frá og með 1. september 2022 til og með 31. ágúst 2026, verður a.m.k. að uppfylla staðal 3.1,
- d) búnaður, sem er settur upp frá og með 1. september 2026, verður a.m.k. að uppfylla staðal 3.2.

12.4.2.2. Staðall 2 fellur úr gildi 1. september 2021.

12.4.2.3. Í þeim tilgangi að leyfa framlengingu á notkun greiningarkerfis fyrir sprengiefni, samkvæmt staðli 2, skulu flugvellir flokkaðir í fjóra flokka:

- a) I. flokkur — flugvellir með meira en 25 milljónir farþega árið 2019,
- b) II. flokkur — flugvellir með áætlunarflug til a.m.k. eins af þriðju löndunum, sem eru skráð í fylgiskjali 5-A við þessa reglugerð, að undanskildu hinu Sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands,
- c) III. flokkur — flugvellir með mesta umferðarpungann árið 2019 í hverju aðildarríki ef þeir eru ekki þegar skráðir í I. eða II. flokk,
- d) IV. flokkur — aðrir flugvellir.

- 12.4.2.4. Hlutaðeigandi yfirvöld geta leyft notkun greiningarkerfis fyrir sprengiefni, samkvæmt staðli 2, frá og með 1. september 2021, í samræmi við eftirfarandi töflu, og fram til:

	Greiningarkerfi fyrir sprengiefni, samkvæmt staðli 2, sem er sett upp fyrir 1. janúar 2011	Greiningarkerfi fyrir sprengiefni, samkvæmt staðli 2, sem er sett upp á bilinu 1. janúar 2011 til 1. september 2014
Flugvellir í I. flokki	1. mars 2022	1. mars 2023
Flugvellir í II. eða III. flokki	1. september 2022	1. september 2023
Flugvellir í IV. flokki	1. mars 2023	1. mars 2024

- 12.4.2.5. Hlutaðeigandi yfirvald skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það þegar það heimilar að greiningarkerfi fyrir sprengiefni, samkvæmt staðli 2, verði notuð áfram frá og með 1. september 2021.
- 12.4.2.6. Allur búnaður til greiningar sprengiefnis, sem er hannaður til að skima handfarangur, skal a.m.k. uppfylla staðal C1.
- 12.4.2.7. Allur búnaður til greiningar sprengiefnis, sem er hannaður til að skima handfarangur, sem inniheldur fartölvur og önnur stór raftæki, skal a.m.k. uppfylla staðal C2.
- 12.4.2.8. Allur búnaður til greiningar sprengiefnis, sem er hannaður til að skima handfarangur, sem inniheldur fartölvur, önnur stór raftæki og vökva, úðaefni og gel, skal a.m.k. uppfylla staðal C3.
- 12.4.2.9. Allur búnaður til greiningar sprengiefnis, sem uppfyllir staðal C3, telst jafngilda búnaði til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi, sem uppfyllir staðal 2, fyrir skimun vökva, úðaefnis og gels.“